

Hjörleifur Guttormsson

16. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð mál 395 á 133. löggjafarþingi

Undirritaður hefur kynnt sér framkomið frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð og þakkar fyrir að fá það sent til umsagnar. Afstaða mín til frumvarpsins markast nokkuð af því ferli sem átt hefur sér stað frá því Alþingi samþykkti þingsályktun um Vatnajökulspjóðgarð í mars 1999. Ég hef síðan leitast við að fylgjast með undirbúningi á vegum stjórnvalda að stofnun þjóðgarðsins með aðkomu margra stjórnskipaðra nefnda og fjölda annarra. Í því efni hefur verið lögð fram mikil og oft óeigingjörn vinna sem ástæða er til að þakka, óháð því hvort menn eru samþykkir öllum framkomnum hugmyndum og tillögum er snerta stofnun þjóðgarðsins.

Hér verður einkum staldrað við þætti er varða stöðu málsins og frumvarpið í heild.


1. Undirritaður mælir með því að frumvarpið verði lögfest á yfirstandandi þingi með þeim breytingum sem samstaða getur tekist um í umhverfisnefnd.
2. Það form sem frumvarpið gerir ráð fyrir um stjórn þjóðgarðsins er umdeilanlegt en um það virðist í aðalatriðum hafa tekist samstaða hlutaðeigandi sveitarfélaga og umhverfisráðuneytis. Æskilegt væri að þróa fyrr en seinna stjórnsýsluform sem átt geti ekki aðeins við um Vatnajökulspjóðgarð heldur um þjóðgarða almennt og önnur friðlýst svæði. Samvinna við sveitarstjórnir og rétthafa að landi er sjálfsögð og nauðsynleg en brýnt er að samhæfing sé tryggð og að sett markmið með friðlýsingu séu örugglega virt.
3. Verði sú stjórnunartilhögun fyrir Vatnajökulspjóðgarð sem frumvarpið gerir ráð fyrir lögfest í meginatriðum er eðlilegt að kveða skýrt að orði um valdsvið stjórnar þjóðgarðsins, þannig að umboð hennar sé ótvírætt til að framfylgja settum markmiðum um náttúruvernd og verndaráætlun.
4. Skilgreina þyrfti betur en gert er í sjálfu frumvarpinu þau viðmið sem hafa beri í heiðri við mótun verndaráætlunar. Til bóta væri í þessu sambandi að taka inn í lagatextann vísun til leiðbeininga Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) sem getið er í athugasemdum með frumvarpinu (töluliður 4).
5. Við mótun verndaráætlunar er brýnt að stjórn og svæðisráð hafi aðgang að sem bestri þekkingu á sviði náttúrufræða og skipulags á friðlýstum svæðum, sérstaklega að því er tekur til væntanlegs Vatnajökulspjóðgarðs. Í frumvarpinu er m.a. vísað til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands í þessu sambandi. Eðlilegt væri að vísa einnig til hlutaðeigandi Náttúrustofa sem lögum samkvæmt er ætlað hlutverk á sviði náttúruverndar svo og annarra sem búa yfir þekkingu sem að gagni gæti komið við uppbyggingu og mótun þjóðgarðsins.
6. Eftirlit, fræðsla og leiðsögn eru þýðingarmiklir þættir sem huga verður að frá byrjun, þar á meðal um þjálfun og aðrar kröfur til starfsmanna sem ráðnir verða til

þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að hyggja að fyrirbyggjandi aðgerðum og samstarfi starfsmanna þjóðgarðsins við lögreglu og björgunaraðila umfram það sem kveðið er á um í 18. grein frumvarpsins.

7. Fjármagn vegna stofnkostnaðar þjóðgarðsins sýnist verulega vanátlað, m.a. vegna fræðslu, gerðar verndaráætlana og deiliskipulags svo og til gönguleiða og stígagerðar. Þá virðist ekkert fjármagn vera áætlað vegna undirbúnings að stækkun og útfærslu á mörkum þjóðgarðsins, m.a. í tengslum við samninga við landeigendur um friðlýsingar. Eigi að takast vel til um metnaðarfull áform um Vatnajökulþjóðgarð má ekki skera við nögl fjáveitingar á mótunarstigi hans eins og því miður hefur gerst um þá þjóðgarða sem fyrir eru.

Undirritaður treystir umhverfisnefnd til að bæta úr formgöllum sem vera kunna á ákvæðum frumvarpsins, m.a. um kærurétt og kæruleiðir, og gerir ekki tillögur um breytingu á orðalagi einstakra greina.

Í von um að ofangreindar ábendingar megi verða að gagni við vinnu nefndarinnar og að takast megi að lögfesta frumvarp um Vatnajökulþjóðgarð fyrir þinglok.

Með vínsemd og virðingu

 Hjörleifur Guttormsson

Fylgiskjal: Uppdráttur sem fylgdi tillögu minni um stofnun þjóðgarða á miðhálandinu 1998 (16. mál á 123. löggjafarþingi, þskj. 16).

Til umhverfisnefndar Alþingis